

Efnahags- og skattanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála, 88. mál.

Í i-lið þingsályktunartillögunnar er lagt til að skoðað verði, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, að gera kerfisbreytingu á skattlagningu lífeyrissjóðsgreiðslna til að afla ríkissjóði frekari tekna. Þannig verði inngreiðslur í lífeyrissjóð skattlagðar í stað útgreiðslna eins og nú er. Þessi aðgerð er sögð geta aflað ríkissjóði allt að 40 milljarða kr. viðbótartekjum án þess að skerða ráðstöfunartekjur launþega og eftirlaunaþega.

Í greinargerð með tillögunni kemur m.a. fram að mismunandi háttur er hafður á skattlagningu lífeyrissjóða í nágrannalöndunum. Þannig séu t.a.m. fjármagnstekjur og útgreiðslur skattlagðar í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð en eingöngu útgreiðslur í Noregi og hér á landi. Með því að skattleggja inngreiðslur í stað útgreiðslna megi auka tekjur ríkissjóðs mikið. Tekið er fram að þetta gerist án þess að ráðstöfunartekjur launþega og eftirlaunaþega skerðist á nokkurn hátt.

Hvað framkvæmdina varðar er vikið að því að lífeyrissjóðirnir myndu t.d. stofna tvær deildir. Í annari yrðu inngreiðslur skattlagðar en hinn útgreiðslur. Gömlu deildinni yrði lokað við breytinguna – hún tæki ekki við frekari inngreiðslum. Nýja deildin myndi síðan taka yfir þá gömlu með tímanum.

Gert er ráð fyrir því að við kerfisbreytinguna muni tekjustreymi ríkissjóðs samstundis aukast um 40 milljarða.

Varðandi þessa þingsályktunartillögu vilja Landssamtök lífeyrissjóða koma fram með eftirfarandi athugasemdir og ábendingar:

- Megineinkenni og styrkur núverandi lífeyrissjóðakerfis er að hver kynslóð stendur undir sínum lífeyri með sparnaði en veltir ekki kostnaðinum yfir á næstu kynslóðir eins og flestar þjóðir gera í mjög ríkum mæli.
- Lífeyriskerfi sem byggir á sjóðsöfnun mun, ef það fær að búa við viðunandi starfsskilyrði, leiða til samkeppnishæfara atvinnulífs í framtíðinni, og þar með betri lífskjara. Það byggir m.a. á því að íslensk fyrirtæki muni ekki þurfa að afla verðmæta til að standa undir tröllvöxnum kostnaði vegna stóraukinnar lífeyrisbyrgði sem mun óhjákvæmilega fylgja öldrun þjóða á Vesturlöndum, þ.m.t. á Íslandi. Þar sem það tekur áratugi að byggja upp sjóðsmyndað lífeyriskerfi er brýnt að hafa í huga að hverskyns breytingar á grundvallar forsendum þess, jafnvel þó þær séu hugsaðar til fárra ára, geta haft veruleg áhrif yfir mun lengri tíma.
- Tilfærslur og hvers kyns róttækar breytingar á lífeyrissjóðakerfinu eru mjög til þess fallnar að veikja tiltrú almennings á kerfinu.
- Ef skattfrelsmörk iðgjalda miðuðust við sömu laun og skattfrelsmörk eru nú, gætu greiðslur til lífeyrisþega (eftir skatt) skerst um allt að 15%. Til að halda greiðslum til lífeyrisþega óbreyttum þyrftu skattfrelsmörk iðgjalda að miðast við töluvert hærri laun, þar sem að lífeyrisgreiðslur eru yfirleitt um 50-60% af þeim launagreiðslum sem iðgjöld hafa verið greidd af, miðað við 40 ára inngreiðslutíma. Er því stór hluti lífeyrisþega undir skattfrelsmörkum í núverandi kerfi. Þetta þýðir í framkvæmd að ríkið þarf að greiða sjóðfélaga út þann ónýtta persónuafslátt sem hann hefði annars nýtt hefði skattur verið dreginn af lífeyrisgreiðslunum við útgreiðslu.
- Ráðstöfunartekjur lífeyrissjóða munu minnka. Þeir verða því ekki jafn vel í stakk búnir til að fjármagna nýsköpun í atvinnulífinu, mæta fjárþörf ríkis og sveitarfélaga sem og að taka þátt í endurreisn fjármálamarkaða þegar fram líða stundir.
- Meginreglan um skattlagningu iðgjalda til lífeyrissjóða innan ESB er EET, þ.e. enginn skattur á iðgjöld og fjármagnstekjur en lífeyrir skattskyldur. Framkvæmdastjórn ESB hefur mælt eindregið með að sú leið verði almennt viðhöfð í aðildarríkjunum og m.a. sett þá skoðun fram með ítarlegum rökstuðningi í svo kölluðum „Communication paper“: (COM-2001-214). Meginkostur varðandi samræmda beitingu EET er sú að hún auðveldar flutning

launþega milli landa innan EES-svæðisins, þar sem hún kemur í veg fyrir tvískattlagningu lífeyrisgreiðslna eða að lífeyrir sé greiddur út óskattlagður.

Að öllu framansögðu telja Landssamtök lífeyrissjóða þessar tillögur um skattlagningu lífeyrisiðgjalda sem þátt í endurreisn efnahagslífsins síst til bóta.

Virðingarfyllt,
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Jón Ragnsson". The signature is written in a cursive style with a horizontal line underneath the name.